

147
3. okt.

REGLUGERÐ

um heimilishjálp á Siglufirði.

1. gr.

Bæjarráð Siglufjarðarkaupstaðar fer með stjórn heimilishjálpar í Siglufirði í umboði bæjarstjórnarinnar og undir yfirstjórn bæjarstjóra.

2. gr.

Hlutverk heimilishjálparinnar er að veita hjálp á heimilum, þegar sannað er með umsögn læknis, ljósmóður eða á annan hátt, sem bæjarráð metur gildan, að hjálpar sé þörf um stundarsakir vegna sjúkdóma, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum.

Hjálpin skal að jafnaði ekki veitt um lengri tíma í senn en 20 daga.

3. gr.

Heimilishjálpin skal jafnan leitast við að hafa til taks eina konu til heimilishjálparinnar. Bæjarráði ber að ganga örugglega úr skugga um, að konur þær, sem heimilishjálpin stunda á vegum stofnunarinnar, séu hæfar til starfsins og séu ekki haldnar smitandi sjúkdómi.

4. gr.

Bæjarsjóður Siglufjarðarkaupstaðar ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem konur, er vinna á vegum heimilishjálparinnar, kunna að valda við störf sín.

5. gr.

Um launakjör og hlunnindi starfsfólks heimilishjálparinnar fer eftir ákvörðun bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn getur veitt eftirgjöf á greiðslu fyrir heimilishjálp að nokkru eða öllu leyti, að fengnum tillögum bæjarráðs.

6. gr.

Fyrir heimilishjálp skal greitt eftir gjaldskrá, er bæjarstjórn setur að fengnum tillögum framfærslunefndar og ráðherra staðfestir.

Bæjarstjórn setur og reglur um greiðslu, innheimtu og annað, er hún telur máli skipta í þessu efni og annast fjárreiður stofnunarinnar.

7. gr.

Reikningar heimilishjálparinnar skulu endurskoðaðir árlega með sama hætti og reikningar Siglufjarðarkaupstaðar.

8. gr.

Sá halli, sem verða kann af heimilishjálp, sem veitt er samkvæmt lögum um heimilishjálp og reglugerð þessari, greiðist að $\frac{1}{3}$ úr ríkissjóði, en $\frac{2}{3}$ úr bæjarsjóði Siglufjarðarkaupstaðar.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952, um heimilishjálp í viðlögum, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 3. október 1956.

Hannibal Valdimarsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.